

Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. apríl 2022  
2203219/0.4.1

**Efni: Umsögn embættis landlæknis um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), mál 450.**

Embætti landlæknis fagnar frumvarpi um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur sem miðar að því að bæta nikótínvörum á borð við tóbakslaus nikótínþúða inn í lögin.

Um áramótin 2019/2020 jókst innflutningur á nikótínþúðum hingað til lands mikið. Embætti landlæknis mældi fyrst notkun á þeim í september árið 2020 en samkvæmt nýjum tölum sem birtar hafa verið í Talnabrunni eykst notkunin á nikótínþúðum á milli ára og fór hún úr 10,1% árið 2020 í 11,8% árið 2021. Nú er svo komið að nikótínþúðar eru orðnir algengasta neysluform nikótíns hér á landi. Um þriðjungur karla á aldrinum 18 til 44 ára og kvenna 18 til 24 ára notar nikótínþúða og algengast er að um daglega notkun sé að ræða.

Ungmenni sem byrja að fíkta við að nota rafrettur, nikótínþúða eða aðrar nikótínvörur ætla sér ekki að verða háð nikótíni. Það er hins vegar staðreynd að nikótín veldur fíkn sem mörgum reynist erfitt að losna undan. Nikótín notkun barna og ungmenna getur haft neikvæð áhrif á þroska heilans einkum á þau svæði sem stýra einbeitingu, skapi, hvatastjórnun o.fl.. Það er því allt til að vinna að byrja ekki að nota nikótínvörur og óábyrgt að hafa á boðstólum nikótínvörur sem með bragðefnum og útliti höfða sérstaklega til barna og ungmenna.

Það er ábyrgðarhluti að hafa vörur á markaði sem ungt fólk aðhyllist og prófar sökum þess að það er sérstaklega verið að höfða til þeirra en er í raun eins konar nikótín gildra í dulargervi einhvers annars á borð við sælgæti. Rannsóknir hafa sýnt að það ekki síst vegna bragðefna sem þau segjast hafa byrjað að nota rafrettur.

Fyrir tveimur árum vakti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO athygli á því sem þema fyrir Dag án tóbaks - 31. maí að áratugum saman hefur tóbaksiðnaðurinn notað markaðssetningu til að ná til ungmenna og fá þannig nýjan hóp neytenda. Dagur án tóbaks var það ár helgaður baráttu gegn aðferðum þeirra sem með margvíslegum hætti reyna fá ungmenni til að ánetjast tóbaki og nikótíni.

Með þessu vildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin beina athyglinni að nýjum vörutegundum tóbaks og nikótíns sem eru sérstaklega framleiddar til að höfða til ungs fólks. Vakin var athygli á samfélagsmiðlaherferðum, sem gera þessar vörur freistandi fyrir ungmenni með spennandi bragðtegundum og litríkum vörum sem notaðar eru til að hvetja ungt fólk til að prófa og spá minna í skaðsemi vörunnar.

<sup>1</sup> [Talnabrunnur febrúar 2022.pdf \(landlaeknir.is\)](#)

Embætti landlæknis styður það að lög verði sett sem ná utan um þessa vörur í ljósi þeirrar miklu aukningar á notkun þeirra sem hefur orðið á skömmum tíma sem og vegna þess að brýnt er að koma í veg fyrir að ungmenni ánetjist nikótíni þar sem það getur haft neikvæð áhrif á þroska þeirra. Embættinu hefur borist fjöldi erinda frá foreldrum og aðilum úr skólasamfélaginu sem undrast það andvaraleysi og skort á tilburðum til að hamla markaðssetningu á nikótínvörum sem beint er sérstaklega að ungu fólki.

Virðingarfyllst,

---

Kjartan Hreinn Njálsson  
aðstoðarmaður landlæknis

---

Hafsteinn Viðar Jensson  
verkefnisstjóri tóbaksvarna